

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu og eyðingu sorps í Blönduóssbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss hefur ákveðið grunnjald vegna sorphirðu, kr. 7.500, árgjald sem grundvallað er á því að einu sinni í viku sé einn sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili. Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði Blönduóssbæjar.

Gjaldendum er skipt í flokkka, samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, miðað við áætlað magn úrgangs frá hverju fyrirtæki og/eða starfsstöðum þeirra.

Flokkunin er sem hér segir:

- a. kr. 4.500. Urðað magn (áætlað) að 12 m³ á ári.
- b. kr. 13.500. Urðað magn (áætlað) frá 12 m³ að 48 m³ á ári.
- c. kr. 54.000. Urðað magn (áætlað) frá 48 m³ á ári.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem mikið magn úrgangs fellur til, viðvarandi eða tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu, vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Sorpeyðingargjald á fyrirtæki, stofnanir og aðra sem nota urðunar- og söfnunarsvæði Blönduóssbæjar er innheimt samhliða fasteignagjöldum. Gagnvart þeim notendum urðunar- og söfnunarsvæðis sem ekki eru jafnframt greiðendur fasteignagjalda skal sorpeyðingargjald innheimt eftir sömu reglum og gilda um innheimtu fasteignagjalda.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Blönduóss á grundvelli 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og skal þegar öðlast gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 907/1999 vegna sorphirðu fyrir Blönduóssbæ.

Blönduósi, 26. febrúar 2002.

Skúli Þórðarson bæjarstjóri.